

5. fundur afréttamálanefndar Hrunamannahrepps

5. fundur afréttarmálanefndar var haldinn 2 .ágúst 2023 á Hreppskrifstofunni kl. 17:00. Á fundinn mættu Björgvin Ólafsson, Þórmundur Smári Hilmarsson og Atli Geir Scheving.

Dagskrá fundarins:

1. Jafnað niður leitum.
 - a. Fé fór á afrétt frá 11. bæjum , gera má ráð fyrir að 3550 hausar ca. hafi farið á fjall þetta árið.
2. Heiðarsmölun. Í fyrra var prufað nýtt fyrirkomulag að smala Hruna heiðar á fimmtudeginum leið og safnið er rekið fram. Nefndin er sammála um að vel hafi tekist til í fyrra og sama fyrirkomulag verði haft í ár
3. Línubróttar. Nefndin hefur áhyggjur af því hvað verði gert við lömb sem hafa staðfesta verndandi arfgerð gegn riðu ef ské kynni að þau komi í Tungnaréttum. Nefndin felur formanni að hafa samband við Matvælastofnun og kanna málið.
4. Fjallskilafundur, Fjallskilafundur verður haldinn 17. Ágúst kl. 20:30 í Huppusal, fjáreigendur skili inn leitum 16 ágúst.
5. Stefnt er að fara yfir gerðin á afréttinum fimmtudaginn 24 ágúst.

Eftirsafn leggur af stað tveimur vikum eftir réttir.

Fundi slitið kl 18:10